



RÍKISENDURSKOÐUN
<i>JKm/SA 1.08</i>
22. sep. 2016
<i>16040061</i>

Reykjavík 19. september 2016

Hr. Sveinn Arason,
ríkisendurskoðandi,
Bríetartúni 7,
105 Reykjavík.

Það skal upplýst að forseti Alþingis hefur með bréfi því sem hér fylgir með í ljósriti sett Sigurð Þórðarson fv. ríkisendurskoðanda til þess að annast endurskoðun og hafa eftirlit með framkvæmd samnings milli fjármála- og efnahagsráðherra, sbr. 4. mgr. 1. gr. laga nr. 24/2016, um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands.

Einar K. Guðfinnsson

Einar K. Guðfinnsson
Forseti Alþingis



Reykjavík, 19. september 2016.

Hr. Sigurður Þórðarson,
Miðvangi 143,
220 Hafnarfirði.

Efni: Setning ríkisendurskoðanda til þess að annast endurskoðun og hafa eftirlit með framkvæmd samnings skv. 4. mgr. 1. gr. laga nr. 24/2016, um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands.

Sveinn Arason, ríkisendurskoðandi, hefur tilkynnt forseta Alþingis að hann sé vanhæfur; sbr. nú a-lið 1. mgr. 13. gr. laga, nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, til þess að annast endurskoðun og hafa tilgreint eftirlit með framkvæmd samnings milli fjármála- og efnahagsráðherra og Lindarhvols ehf., sbr. 4. mgr. 1. gr. laga nr. 24/2016, um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001, með síðari breytingum.

Með vísan til 4. mgr. 13. gr. laga um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, eruð þér hér með settur ríkisendurskoðandi til þess að annast endurskoðun reikninga félagsins og hafa eftirlit starfsemi félagsins og framkvæmd ofangreinds samnings.

Setning þín gildir þar til verkefnum Lindarhvols líkur eða skilyrði vanhæfis ríkisendurskoðanda eru fallin brott.

Ljósrit:
Fjármála- og efnahagsráðherra,
Lindarhvoll ehf.,
ríkisendurskoðandi.

Einar K. Guðfinnsson
Forseti Alþingis